

AUGLÝSING

(I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 604 frá 3. júlí 2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Snæfellsbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Hellissands, Rifs, Arnarstapa og Ólafsvíkur með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Í 1. gr., c-lið, breytist „í viðkomandi byggðarlagi“ og verður: í viðkomandi sveitarfélagi.
- b) Í 4. gr., 1. mgr. (6. lína), breytist „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður: í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags.
- c) Í 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „innan hlutaðeigandi byggðarlags“ og verður: innan hlutaðeigandi sveitarfélags.

Sveitarfélagið Garður.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Garðs með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipt þannig að 50% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa og 50% skiptist hlutfallslega til sömu skipa*, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Sveitarfélagið Skagaströnd.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Skagastrandar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *45 þorskígildistonnum úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar eftir breytingu og áttu hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2016 og 255 þorskígildistonnum, auk þess aflamarks sem eftir er af úthlutun fyrra fiskveiðiárs sem verði skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017. Hámarksúthlutun verður 50 þorskígildistonn á skip. Hámarkið gildir um samanlagða úthlutun úr báðum flokkum, þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða (Húnaflóarækja).*
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að *landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.*

Húnaþing vestra.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:
 - a. 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 604/2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018. Skiptingu þessa 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn, síðastliðin þrjú fiskveiðiar. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.
 - b. 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 604/2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðiar, í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.
- b) Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. janúar 2018.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Annas Jón Sigmundsson.